



Sumarstörf hjá Kópavogsbæ 2021, fyrir 18 ára og eldri

Greinargerð

Svavar Ó. Pétursson tók saman



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Kópavogsbæ 2020.....	3
Undirbúningur	4
Covid19 – áhrif og aðgerðir	4
Aðsókn.....	4
Úrvinnsla umsókna og ráðningar	5
Ráðstafanir Vinnumálastofnunnar vegna Covid-19.....	6

Tölur og myndrit

Tafla 1 - Fjöldi umsækjenda um sumarstörf 2008 – 2021.....	5
Tafla 2 - Sumarstörf og ráðningar 2009 – 2021.....	6



Inngangur

Sumarstörfum sem eru í boði hjá Kópavogsbæ má skipta í tvo meginflokka. Annars vegar Vinnuskóla Kópavogs, sem eins og undanfarin ár var sumarið 2021 ætlaður öllum unglingum á aldrinum 14 – 17 ára og hins vegar er um að ræða sumarstörf fyrir 18 ára og eldri. Seinni flokkurinn er umfjöllunarefni þessarar skýrslu en varðandi upplýsingar um Vinnuskólann er vísað til sérstakrar starfsskýrslu fyrir sumarið 2021.

Sumarstörfín eru margvísleg. Bæði er um afleysingarstörf að ræða, s.s. vegna sumarleyfa fastráðinna starfsmanna, og einnig sérstök árstíðarbundin verkefni sem mörg hver þarfnast fjölda starfsmanna, s.s. við hirðingu bæjarins.

Undanfarin ár hefur það verið í verkahring Umhverfissviðs að halda utan um umsýslu vegna sumarstarfanna. Þó sumarstörfín snerti öll svið bæjarins hefur meirihluti þeirra sem ráðnir hafa verið í sumarvinnu undanfarin ár starfað á Umhverfissviði og eru þá unglingar í Vinnuskólanum ekki taldir með.

Frá árinu 2011 hefur bæjarráð samþykkt reglur um sumarstörf hjá Kópavogsbæ. Var slíkt gert á fundi bæjarráðs 21.1.2020. Hér að neðan eru þær reglur sem samþykktar voru á þeim fundi

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Kópavogsbæ 2020

- Öll sumarstörf hjá Kópavogsbæ eru auglýst laus til umsóknar. Ekki er ráðið án umsóknar gegnum ráðningarkerfi Kópavogsbæjar.
- Allar starfslýsingar vegna sumarstarfa skulu tilbúnar til birtingar á vef eigi síðar en 1. febrúar 2021.
- Sumarstörfín verða auglýst í tveimur þrepum annars vegar frá 8. febrúar til 28. febrúar 2021 og svo þau störf sem ennþá eru laus frá 1. mars til 31. mars 2021. Val um að auglýsa á öðru eða báðum tímabilum.
- Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur en þess í stað verði opnað fyrir sérstaka skráningu (umsókn) fyrir þá sem ekki gátu sótt um á umsóknartímabilinu.
- Tryggja skal að allir þeir íbúar Kópavogs sem sækja um sumarstarf verði boðið sumarstarf hjá Kópavogsbæ.
- Þeir sem verða ráðnir til ábyrgðar- eða stjórnunarstarfa og hafa mannaforráð verði boðaðir í ráðningarviðtal.
- Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar. Aðeins má ráð einstaklinga fædda 2003 eða fyrr.
- Umsækjendum sem sækja um fyrir 1. apríl verður svarað fyrir 24. apríl.
- Gætt verði jafnræðis við ráðningar sumarstarfsmanna t.d. hvað varðar aldur og kyn.



Undirbúningur

Til að undirbúa umsóknar- og ráðningarferlið sem best var í janúar boðað til fundar með þeim sem höfðu með sumarráðningar að gera hjá öllum sviðum, líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Hópurinn, sem samanstóð af um 10 manns, var síðan í reglulegum samskiptum fram á vorið.

Opnað var fyrir umsóknir um sumarstörf hjá Kópavogsbæ þann 8. febrúar og tekið var við umsóknum til miðnættis 28. Opnað var aftur fyrir umsóknir 1. mars og lokað þann 31. mars. Aðeins var hægt að sækja um rafrænt í gegnum heimasíðu Kópavogsbæjar.

Covid19 – áhrif og aðgerðir

Umsóknir um sumarstörf 2021 voru fleiri en áætlað var vegna Covid 19. Í upphafi árs hófust bólusetningar og var mikil bjartsýni á að Covid 19 yrði ekki til vandræða yfir sumartímann. Þegar líða fór að sumri jókst eftirspurn eftir sumarstörfum hjá Kópavogsbæ þar sem einkageirinn hafði ekki tekið við sér líkt og vonir stóðu um.

Í lok apríl mánaðar tilkynnti Vinnumálastofnun með tölvupósti að þeir hygðust fara átak sem væri líkt því sem farið var í á vormánuðum 2020. Breytingar voru gerðar á skilyrðum vinnu og var í stað tveggja mánaðar starf ætlast til að öllum þeim nemum sem boðið væri í átakið fengju 2 og hálfsmánaðar starf. á milli maí mánaðar og september.

Kópavogsbær óskaði eftir störfum úr áttakinu og fékk úthlutað 103 störfum og barst endurgreiðsla til Kópavogsbæjar upp á 120 milljónir vegna þessa verkefnis.

Aðsókn

Alls bárust Kópavogsbæ 10.457 umsóknir vegna sumarstarfa 2021. Er þetta töluverð aukning frá árinu 2020 þegar bárust um 7.256 umsóknir. Er þetta afleiðing þess ástands sem er í samfélaginu auk þess sem Kópavogsbær hafði að leiðarljósi að bjóða upp á fjölbreytt sumarstörf.


Alls sóttu 4.320 einstaklingar um starf og hefur því hver einstaklingur sótt um 2,42 störf.

Eins og kemur fram í reglum sem samþykktar voru af bæjarráði lofar Kópavogsbær því að bjóða öllum Kópavogsbúum starf yfir sumartímann.

Þá miklu fjölgun umsækjanda sem hefur verið síðastliðin tvö ár má einnig rekja til þess að Kópavogsbær ákvað að auglýsa öll störf hjá sér gegnum ráðningarkerfi Alfred.is auk þess eins og áður hefur komið fram sem atvinnuástand fyrir skólafólk var ekki gott á vormánuðum 2021.



Tafla 1 - Fjöldi umsækjenda um sumarstörf 2008 – 2021



Alls voru settar 99 umsóknir um störf inn á ráðningarvef Alfrið fyrir sumarið 2021. Nokkur störf fóru oftast en einu sinni í birtingu en voru þetta samtals um 80 ólík störf sem voru í boði fyrir sumarstarfsfólk. Sum störfin gera ráð fyrir að ákveðnum lágmarksaldri hafi verið náð, en að lágmarki þurftu einstaklingar að vera orðnir 18 ára. Á síðasta ári bauð Kópavogsbær upp á 55 störf og er þetta því mun meiri fjölbreytni starfa en verið hefur.

Úrvinnsla umsókna og ráðningar

Alls komu 656 sumarstarfsmenn til vinnu hjá Kópavogsbæ sumarið 2021, í mislangan tíma. Þessar tölur eru byggðar á gögnum frá launadeild og viðkomandi sviðum. Var öllum umsækjendum með lögheimili í Kópavogi sem urðu 18 ára á árinu boðið starf.

Þegar umsóknarfrestur rann út höfðu um 3.000 sótt um sumarstarf og var verið að vinna úr umsóknum fram í fyrstu viku júní. Auk þessa bættist við að unnið var úr viðbótarstörfum frá Vinnumálastofnun eftir að þau komu til umsóknar í byrjun maí og lauk umsóknum vegna þeirra í byrjun júní mánaðar.

Allir þeir sem ekki fengu þau störf sem þeir óskuðu eftir var boðin önnur störf. Voru þau störf aðallega í þjónustumiðstöð. Vegna þess fjölda sem starfaði þar í sumar var farið í ýmis verkefni til að fegra bæinn sem ekki hefði verið farið í annars. Má þar m.a. nefna lagningu göngustíga á skógræktarsvæði, málun hljóðvarnargirðinga og aukin kraftur settur í skógræktarverkefni.



Tafla 2 - Sumarstörf og ráðningar 2009 – 2021

Starf	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Þjónustumiðstöð - garðyrkja, sláttur	422	510	423	326	285	273	253	151	136	105	134	246	271
Vinnuskóli, skólagarðar og götuleikhús	50	89	62	75	67	64	64	57	62	64	59	72	75
Skrifstofa umhverfisviðs	0	0	0	0	0	0	0	1	3	3	3	2	4
Umhverfisvið samtals	472	599	485	401	352	337	317	209	201	172	196	320	350
Íþróttavellir	62	75	40	42	50	54	52	49	50	55	45	52	53
Sundlaugar	17	15	16	14	25	20	25	29	27	21	24	35	26
Leikskólar og gæsluvellir	67	70	24	38	39	40	21	38	39	47	51	53	22
Sumarvinna fatlaðra ungmenna			23	23	24	16	22	26	27	41	32	35	34
Skapandi sumarstörf	30	43	28	29	27	25	29	24	29	28	23	42	35
Ýmis sumarnámskeið FF - deildar	61	63	57	38	56	55	51	42	45	58	39	70	78
Félagsmiðstöðvar													32
Menntasvið samtals	237	266	188	184	221	210	200	208	217	250	214	287	280
Velferðarsvið ýmis störf			5	18	23	22	22	17	15	15	11	23	26
Velferðarsvið samtals	0	0	5	18	23	22	22	17	15	15	11	23	26
Stjórnsýslusvið - ýmis störf	25	19	8	12	23	11	14	12	13	17	4	24	34
Stjórnsýslusvið samtals	25												
Alls	734	865	678	603	596	569	539	434	433	437	421	630	656
Kostnaður í milljónum										231	216	407	453
Kostnaður að frádregnum styrk VMST												328	333

Ráðstafanir Vinnumálastofnunnar vegna Covid-19

Vinnumálastofnun tilkynnti þann 23. apríl að ráðist yrði í samskonar átak er varðar sumarstörf 2021 líkt og farið var í sumarið 2020.

Árið 2020 hafði Kópavogsbær fengið úthluta um 90 störfum til 2 mánaðar starfs í byrjun maí mánaðar en fengu að lokum 123 störf til endurgreiðslu. Upphæð styrks frá vinnumálastofnun árið 2020 var 79 milljónir króna.

Þegar tilkynning barst til starfsmanna Kópavogsbæjar 2021 var þegar búið að undirbúa átakið og gat Kópavogsbær farið í birtingu auglýsinga strax um mánaðarmótin apríl/maí. Voru þá birtar 39 nýjar auglýsingar á Alfred.is um þau 103 störf sem Vinnumálastofnun hafði úthlutað Kópavogsbæ.

Var Kópavogsbær fljótur að ljúka við ráðningu í þessi 103 störf og óskaði jafnframt eftir að fá frekari heimildir til ráðningar vegna átaksins. Ekki var möguleiki á því og var því 103 endanleg niðurstaða starfa, sem að þessu sinni máttu ná yfir 2 og hálf mánaðar tímabil.

Vegna þessara starfa fékk Kópavogsbær endurgreitt í desembermánuði 120 milljónir.